

**Sp. 676. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]**  
um úthlutun listamannalauna 1961.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1961 til skálda, rithöfunda og listamanna.

#### Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1961 eru á 14. gr. B. XIII. veittar kr. 1260000 til skálda, rithöfunda og listamanna. Þar sem búizt var við, að þetta þing afgreiddi lög um úthlutun listamannalauna, var ekki sett í fjárlög ákvæði um úthlutun fjárins, eins og venja hefur verið um árabil.

Nú er sýnt, að frv. til l. um listamannalaun nær ekki fram að ganga á þessu þingi. Þarf því að kveða á um úthlutunina á annan hátt.

Tillaga þessi er flutt samkvæmt ósk menntamálanefndar neðri deildar. Skipun úthlutunarnefndar er höfð eins og lagt er til í brtt. menntamálaráðherra við 4. gr. frv., en ekki er kunnugt um ágreining um þá grein.